

Willem gegn Frakklandi

Dómur frá 16. júlí 2009

Mál nr. 10883/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Hvatning til mismununar. Stjórnámálamenn. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, Jean-Claude Fernand Willem, er franskur ríkisborgari, fæddur 1934 og búsettur í Seclin í Frakklandi. Á þeim tíma sem málsatvik urðu var kærandi meðlimur í flokki kommúnista og bæjarstjóri í Seclin.

Þann 3. október 2002 tilkynnti kærandi á bæjarráðsfundi að viðstöddum fjölmiðlum, að hann hygðist beina þeim tilmælum til undirmanna sinna og starfsmanna borgarinnar að sniðganga vörur frá Ísrael. Hélt kærandi því fram að ákvörðunin hefði verið tekin í mótmælaskyni við stefnu ísraelsku ríkisstjórnarinnar sem er þekkt fyrir harða afstöðu sína í málefnum Palestínu. Fulltrúar gyðinga í Seclin lögðu fram kæru hjá ríkissaksóknara sem höfðaði refsímál á hendur kæranda fyrir að hvetja til mismununar á grundvelli þjóðernis, kynþáttar og trúar. Kærandi var dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 1.000 evrur en áfrýjun hans til æðra dómstigs náði ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hvatning hans til að sniðganga vörur frá Ísrael hefði verið þáttur í opinberri stjórn málaumræðu um átökin milli Ísraels og Palestínu og hafi hún því án efa átt erindi til almennings. Hafi því refsing hans brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að mælt hefði verið um takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda í lögum og hún hefði stefnt að því lögmæta markmiði að vernda réttindi annarra, þ.e. ísraelskra framleiðenda. Dómstóllinn lagði áherslu á að til þess að skerðing á tjáningarfrelsi teldist heimil samkvæmt sáttmálanum yrði hún að teljast nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi og hvort takmörkunin byggðist á viðeigandi og nægjanlegum forsendum.

Dómstóllinn lagði áherslu á að réttur einstaklings til tjáningarfrelsis væri sérstaklega mikilvægur þegar um kjörinn fulltrúa almennings væri að ræða þar sem kjarni verndar 10. gr. lyti að stjórn málaumræðu. Tók dómstóllinn fram að því yrðu ríkar ástæður að liggja til grundvallar skerðingu á réttindum kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi, líkt og innlendir dómstólar, að kærandi hefði ekki verið dæmdur fyrir stjórn málaaskoðanir sínar, heldur fyrir að hvetja til mismununar sem væri refsivert að landslögum. Kærandi hefði ekki einungis látið í ljós skoðanir sínar á stefnu ísraelsku ríkisstjórnarinnar, heldur jafnframt hvatt til þess að vörur frá Ísrael yrðu sniðgengnar. Dómstóllinn tók fram að sem bæjarstjóri bæri kærandi vissar skyldur. Yrði hann því að gæta ákveðins hlutleysis og haga athöfnum sínum í ljósi stöðu sinnar sem fulltrúi bæjarfélagsins.

Að mati dómstólsins bar að líta til þess að kærandi gaf út yfirlýsingu sína á bæjarráðsfundi, þar sem engin umræða eða kosningar fóru fram um málefnið. Gæti yfirlýsing kæranda því ekki talist hafa verið framlag hans til almennrar þjóðmálaumræðu.

Dómstóllinn tók jafnframt fram, að samkvæmt landsrétti væri kærandi ekki bær til að taka ákvarðanir, sem heyrðu undir valdsvið ríkisstjórnar landsins, með því að lýsa yfir viðskiptabanni á vörur frá öðru landi. Í ljósi kringumstæðna taldi dómstóllinn að þær ástæður, sem lágu til grundvallar skerðingu á tjáningarfrelsi kæranda teldust vera viðeigandi og nægjanlegar í skilningi 2. mgr. 10. gr. sáttmálans. Jafnframt gæti refsing ákærða ekki talist úr hófi fram til að ná því lögmæta markmiði sem að var stefnt.

Var því álit dómstólsins að nauðsynlegt hefði verið að skerða tjáningarfrelsi kæranda. Með refsisdóminum hefði því ekki verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.